



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 27. október 2025, fundur hófst kl 20:00.

**Staður:** Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru:, Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir (Teams), Davíð Áskelsson, Sigrún Valþórsdóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Lárus Sindri Lárusson, Haraldur Pétursson, Þórdís Anna Gylfadóttir

Fjarverandi:

### 1. Mótanefnd Spretts

Halli Victors, Arnhildur og Sigríður Helga mættu á fund til að fara yfir mótamál. Mikil og góð umræða og færur við þeim bestu þakkir fyrir.

M.a. var rætt um dagsetningar fyrir hin ýmsu mót og formannafund LH.

Jónína komin með 3 punkta um mótamál til að fara með á formannafundinn. Halli Victors fer á fundinn sem fulltrúi dómara. Arnhildur fer með sem fulltrúi mótanefndar Spretts en búið er að kalla eftir formönnum mótanefnda félaganna á sér fund samhliða formannafundinum.

Nefndin er að vinna í skjali með atriði sem snúa að mótahaldi, ábyrgðaratriði, hver gerir hvað, hvað þarf að vera í lagi þannig að mótahaldið gangi sem best fyrir sig.

Þurfum að setja niður hver tilgangur mótanefndar er. Þetta fagnefnd, ekki viðburðarnefnd, og verður mótahaldið því umsjón nefnda sem eiga sína viðburði. Þessi nefnd er til stuðnings.

Þarf að styrkja netmál á keppnisvellingum okkar, þetta verður skoðað með hækkandi sól.

Einnig rætt um möguleika á að nota talstöðvar fyrir starfsmenn móta (4-5),

Hafa þarf samband við slökkvilið og kanna með staðsetning Keppnisvallar mtt. slysa.

Vindmælir, festa punkta fyrir lengdir skeiðbrauta þyrftu að vera til staðar til að eyða allri óvissu í keppnum.

Talsvert var rætt um dagsetningar móta á vormánuðum. motaskraning@sprettur er netfang fyrir afskráningar á mótum Spretts.

### 2. Formannafundur LH 8 nóv.

Gert er ráð fyrir að 2-3 komi frá hverju félagi. Gjaldkeri fer á fundinn ásamt Jónínu. Jónína heyrir í æskulýðsnefd með fulltrúa, Þórdís er til vara. Jónína fer með tillögu inn á fundinn um sjálfbærliðsmál en tillagan var mótuð af nýrri mótanefnd Spretts.

### 3. Fjármál félagsins

Staðan er þokkalega góð, það stefnir í að staðan verði í kringum núllið um áramótin.

Félagsgjöld verða send út í byrjun janúar.

Rætt um verð á reiðhallarlyklum fyrir árið 2026, Lárus tekur saman og sendir tillögu til stjórnar.

### 4. Tryggingarmá Spretts

Davíð er með þetta í vinnslu, von er á niðurstöðu fljótlega.

5. **Uppskeruhátíð fullorðinna og ungmenna**

Hátíðin verður haldin 15 nóv, búið er að auglýsa hátíðina. Matthildur pantar matinn.

6. **Uppskeruhátíð barna og unglinga**

Þórdís er að skipuleggja, stöðluð dagskrá. Bara Sprettarar að þessu sinni.

7. **Hattarvallahöllin**

Koma þarf loftræsingu í Hattarvallahöllinni í gang sem fyrst og einnig er mikil þörf á á þrífa hana.

8. **Önnur mál**

Farið var yfir nokkur mál sem Þórdís er með í vinnslu:

Val á Íþróttamanni Kópavogs en það eru nýir flokkar, stálp og kvár. Miðað við reglurnar sem liggja fyrir sendir Sprettur ekki inn tilnefnigar í þann flokk þetta árið.

Garðabær er með ráðstefnu um farsæld barna, Þórdís fer og tekur þátt eins mikið og hún getur.

Rætt um umsóknir sem hafa borist frá reiðkennurum.

Óskir um keppnisnámskeið hjá Reiðmanninum eftir áramót, að óbreyttu er ekki pláss í Reiðhöllunum fyrir slíkt.

Erindi barst frá Reiðskóla fatlaðra, Þórdís svarar.

Ungir Sprettarar eru að fara til Svíþjóðar, um 50 manns frá Spretti. 20-30 Fákssarar.

Það má fara að leigja út pláss í Félagshesthúsinu.

Ákveðið að fá ræstipjónustu til að þrífa fundarsalinn og klósettin í rennunni og Húsasmiðjuhöllinni, Matthildur og Þórdís kanna þetta í sameiningu.

Fundi slitið kl. 22:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson